



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 17. nóvember 2021



Sjöundi fundur 64 stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, miðvikudaginn 17. nóvember 2021 kl. 16.00.

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Davíð B. Gíslason og Hrafnhildur Ósk Skúladóttir.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Mótahald helgarinnar
RG kynnti niðurstöðu fundar yfirþjálfara sem fram fór í hádeginu varðandi mótahald helgarinnar þar sem kom fram vilji til að halda fjölliðamótum helgarinnar til streitu. Stjórn HSÍ var sammála þeirri ákvörðun.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Nefnd um kvannahandbolta
GBO kynnti grunn að beinagreind fyrir skýrslu nefndarinnar. Kafa þarf dýpra í iðkendatölur ÍSÍ til að fá samanburð milla ára þegar kemur að brottfalli. Gerð var könnun hjá Gallup þar sem spurt var út í hlutföll barna sem æfa handbolta. RG kynnti niðurstöður könnunnar. Umræða kom varðandi aldurskiptingu og boltastærðir og mun fræðslunefnd kanna stöðuna hjá nágrannaþjóðunum.
 - b. 100 ára afmæli handboltans á Íslandi
 - i. Hugmynd að því að halda skólamót haustið 2022 í tilefni að 100 ára afmæli handboltans og reyna að fylgja því svo eftir annað hvort ár. Yrði bæði í framhaldsskóla sem og grunnskóla
 - ii. Þá er einnig hugmynd að fá u-20 ára landslið Danmerkur hingað til lands í mars í 2 vináttulandsleiki.
 - c. Nýtt merki HSÍ
JVS og RG kynntu hugmyndir af nýju merki HSÍ. Tillagan verður unnin áfram með HN.
4. Umræða um kynferðisbrot
GBO fór yfir stöðu mála gagnvart umræðu um kynferðisbrot í íþróttahreyfingunni. Ekki hafa komið nein mál inná borð HSÍ og hefur stjórn HSÍ skert á verklagi gagnvart hreyfinguna og hvatt hana til að kynna sér meðal annars starf samskiptafulltrúa íþrótt- og æskulýðsstarfs.
5. Starfsmannamál
Leit stendur yfir að nýjum mótastjóra og er stjórn beðin um að hugsa málið.
6. Landsliðsmál
GBO renndi yfir landsliðsviku karla sem fram fór í byrjun nóvember og gekk almennt vel.
7. Önnur mál
 - a. Stjórn HSÍ barst erindi frá ÍBV varðandi fjölgun á þeim leikmönnum sem mega færast á milli U liðs og aðalliðs. Stjórn HSÍ samþykkti að veita tímabundna undanþágu vegna landfræðilegrar stöðu liðsins til 1.febrúar nk.



Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 1. desember kl.12.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari